



Fundargerð 11. fundar stjórnar SSA haldinn 3.september 2021

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 16:00

Mættir stjórnarmenn SSA voru: Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Hildur Þórisdóttir, Sigríður Bragadóttir og Pálína Margeirsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson oddviti Fljótsdalshrepps sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi

Mættir starfsmenn Austurbrúar voru: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir

- 1.1 Fundargerð frá 10. fundi stjórnar SSA 2020-2022 – *Fundargerðin var lögð fram til samþykktar og verður undirrituð rafrænt*
- 1.2 Fundargerðir stjórnar SSH (526,527), Vestfjarðastofa (ársfundur), SSNE (28), SASS (571), SSS (770) – *Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar*
- 1.3 Fundargerð Sambandsins (900, úrgangsmál og fræðslumál) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*
- 1.4 Fundargerð Stýrihóps (71) – *Fundargerðin var lögð fram til kynningar*

2. Innra starf SSA

- 2.1 Ályktun Vopnafjarðarhrepps vegna flugmála.
*Sigríður Bragadóttir sagði frá fundi með Vegagerðinni. Niðurstaðan var sú að flugið helst óbreytt það til betri greining hefur verið gerð á fluginu.
Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir í takt við umræður á fundinum.*
- 2.2 Skipan í hóp vegna Brothættra byggða/Stöðvarfjörður.
*Samþykkt var að tilnefna fyrir hönd Austurbrúar og SSA eftirfarandi aðila:
Aðalmaður: Alda Marín Kristinsdóttir
Varamaður: Ásdís Helga Bjarnadóttir*
- 2.3 Svæðisskipulag.
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Verið er að hefja nýjan fasa í svæðisskipulaginu og er stefnt að umræðu/samráðsfundi með sveitarstjórnarfulltrúum að honum loknum í tengslum við haustþing SSA.
- 2.4 Haustþing SSA.
Í 3. gr. samþykta SSA kemur fram að haustþing skuli halda eigi síðar en 15. október ár hvert. Á aðalfundi í vor voru kynntar hugmyndir stjórnar um Haustþings/Færeyjarferð sem fara átti í haust. Ferðinni var frestað m.a. vegna covid. Framkvæmdastjóri leggur til að í ljósi aðstæðna; þ.e. frestunar á ferð til Færeyja, kosninga til alþingis, sem og tímalínu vegna vinnslu svæðisskipulags, þá fari Haustþing SSA fram 19-20. nóvember. Áhersla þingsins verði samráð í

tengslum við Svæðisskipulag Austurlands. Stjórn samþykkir samhljóða að haustþing SSA fari fram 19-20. nóvember í Fjarðabyggð. Framkvæmdastjóra er falið að undirbúa dagskrá þingsins í samræmi við umræður á fundinum.

2.5 SV-AUST

Formaður sagði frá útboðsferli og samningaviðræðum við Vegagerðina.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að ný stefna væri komin fram af hálfu Sterna ESS ehf og Bílar og fólk ehf. Lögmaður SSA vannur að málinu og undirbýr næstu skref.

2.6 Fjallskilasamþykkt.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu Fjallskilasamþykktar. Hún er fullsamþykkt hjá öllum sveitarfélögum, það eina sem útaf stendur að ekki er búið að auglýsa í lögbirtingarblaðinu. Framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram að málinu á grundvelli umræðna og eiga samtal við ANR um næstu skref.

3. Önnur mál

3.1 Austminjar.

Formaður fór yfir stöðu mála. Framkvæmdastjóra falið að semja bréf á grundvelli umræðna og fylgja málinu eftir í samráði við formann og varaformann.

3.2 Fundaáætlun.

Framkvæmdastjóri kynnti fundaáætlun haustsins sem var samþykkt af stjórn. Fundað verður á mánudögum í vetur.

Ekki fleiri mál, fundi slitið kl 17:00